

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 2000

31. október 2000

2267

Nr. 805

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag fyrir Krossalind 2 í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 21. september 2000 var samþykkt, með tilvísan í 2. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina að Krossalind 2 samanber uppdrátt Bæjarskipulags Kópavogs dags. í september 2000.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 31. október 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

6. nóvember 2000

Nr. 806

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hauka- og Iðnskólareits, Hafnarfirði.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Hauka- og Iðnskólareits, á fundi sínum þann 6. júlí 2000.

Breytingin felur í sér m.a. stækkun byggingareits fyrir íþróttahús og endurbyggingu leikskóla.

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. nóvember 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

31. október 2000

Nr. 807

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi flokkar bætist við viðauka I við gjaldskrána:

	Gjaldeiningar
XA Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
XA Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7
XB Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
XB Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7

	Gjaldeiningar
XD Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
XD Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7
YA Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
YA Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7
YB Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
YB Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7
YD Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
YD Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7
Yfirferð teikninga og útgáfa gerðarviðurkenningar skv. ADR	6

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. október 2000.

Páll Pétursdóttir.

Elín Blöndal.

REGLUGERÐ

um fyrstu (1.) breytingu á reglugerð nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni).

1. gr.

Í stað lista um „Leyfilega hámarksdagskammta vítamína, steinefna o.fl. í fæðubótarefnum“ í viðauka I, sem vitnað er til í 2. gr. reglugerðarinnar, kemur nýr listi, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. október 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.